



3.9.2024
Tilv.:2409015

Dreifibréf nr.: 24/2024
Til eftirlitsskyldra aðila

Efni: Drög að nýjum reglum um heimild fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til að ljúka máli með sátt

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 4/2024 sem inniheldur drög að nýjum reglum um heimild fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til að ljúka máli með sátt.

Breytingunum er aðallega ætlað að gera málsmeðferðina við gerð sáttá gagnsærrari og skýra betur réttindi og skyldur málsaðila. Helstu breytingar á reglunum eru m.a. þær að nýjar reglur eru skýrari varðandi það að sátt geti verið bundin skilyrðum s.s. að málsaðli ráðist í aðgerðir í samræmi við úrbótakröfur fjármálaeftirlitsins. Þá gera nýjar reglur ráð fyrir því að aðli getur sjálfur óskað eftir því að máli verði lokið með sátt á öllum stigum málsins sem og að þær taka fram að ef málsaðili upplýsi um brot sitt og geri sátt við fjármálaeftirlitið geti það leitt til allt að 50% lækkunar á sektarfjárhæð. Þá er gert skýrara að mat á því hvort sátt komi til álita er í höndum fjármálaeftirlitsins og ekki sjálfgefið að samþykkt verði að ljúka máli með sátt. Loks kveða nýju reglurnar á um heimild til að undirrita sátt með rafrænum hætti sem og lagt er til að fella út úr reglunum að sátt verði birt eftir greiðslu á sektarfjárhæð og því nú heimilt að birta sáttina fyrr, eða síðar, ef svo ber undir. Með breytingunum eru tilvísanir í reglunum einnig uppfærðar með tilliti til lagabreytinga.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við umræðuskjalið berist eigi síðar en 17. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert eyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans og sendar til skjalasafn@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdarstjóri
skrifstofa bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra

